

... þar allir trauð hapt z barizat þ' þrille heilagrar b...  
 stne en hapa þo ap hnu vtraztu min þoerit meira lop en þac  
 aub at mest er at þa er þr hapa þra geigt vni ahmlið dýr dau  
 danf sem ekki holla ma þozat hapa þr tebt sit vðbaup þ erar  
 siba elipt k m; alluallanda gude vran onða te þeste cevebr  
 te m v þra lagr.



**H**ARPAÐUR hni harpagre ve  
 d þ noseghe lemgæ cepni en ad  
 styrdu þr z þgar ingur sumur  
 hopdu er þr þr þe t þozata en sum  
 nobburu meir. alla þa rob þr þr  
 ap lipui sum þellu sum þlydu þ  
 en sum letu ap þgdomi z nade ei  
 þi þar at þa þg napni ve þem  
 þaril sette h þ hnu þylke. þe atot  
 rogn z log at tema. þr þr v son  
 þan halpð. er þallaz v hni mulla z hni matar ille þ at h gap þ ma  
 þa min sinu gull tapni mikr te ac. þgar gapu þlþr en h suetti m  
 at mat. mod halpð. lica v ala dott haralldz gratuzuda þar ap  
 augdu. mod þr harpagr v þagn hulla dott sigurdar. þiart hnl  
 mod v atlang dott sigurd' ozmi þ auga þagn' son lodþrak. a  
 od sigar ozmi þ auga v atlang dott sigurd' þapr þana. sigurdz  
 hoztr acce þym dott þlabhr ap þerþe luttur þym dunnbar þoch  
 er acce gsmr. hni gale danna þgr. **ap þar þraugnu þa þgr**  
 v rob þgarm eþr þozur sñi þa v un uerra gamall h v



### **Mynd á forsiðu**

Flateyjarbók GKS 1005 fol. Upphaf Ólafs sögu Tryggvasonar.  
Myndin sýnir Harald hárfagra ásamt skutilsveini sínum.

Ljósmynd: Jóhanna Ólafsdóttir

## EFNISYFIRLIT



Bls.


|                                      |       |
|--------------------------------------|-------|
| Skipulag og skipurit                 | 2–3   |
| Fylgt úr hlaði                       | 4     |
| Afmælishátíð Árna Magnússonar        | 5–11  |
| Inngangur                            | 6     |
| Handritin alla leið heim             | 7     |
| Heimur handritanna                   | 8     |
| 66 handrit úr fórum Árna Magnússonar | 9     |
| Fyrirlestur Árna Magnússonar         | 10    |
| Íslenska teiknibókin                 | 10    |
| Þjóðleikhúsið                        | 11    |
| Gagnasöfn                            | 12–13 |
| Rannsóknir                           | 14–19 |
| Samstarf innanlands                  | 20–21 |
| Alþjóðlegt samstarf                  | 22–25 |
| Miðlun og kennsla                    | 26–29 |
| Viðburðir 2013                       | 30–32 |
| Yfirlit mynda – baksíðan             | 33    |

Örsýning handrita var opnuð víða um land undir heitinu Handritin alla leið heim. Á sýningunni á Skriðuklaustri var vönduð eftirgerð af Margrétar sögu sem er skinnbók frá um 1500.



# SKIPULAG OG SKIPURIT

SKIPURIT STOFNUNAR  
 ÁRNA MAGNÚSSONAR Í  
 ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Skipulag stofnunarinnar markast af forsögu hennar í fimm stofnunum og

því að hún hefur enn þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29. Auk þess var handritasýning í Þjóðmenningarhúsi en hún var tekin niður í nóvember vegna breytinga í Þjóðmenningarhúsinu.



Stjórn stofnunarinnar er forstöðumanni til ráðgjafar. Í árslok skipuðu stjórnina Þorsteinn Pálsson formaður, Katrín Jakobsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Þau þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands. Í október skipaði mennta- og menningarmálaráðherra Þorstein og Katrínu sem fulltrúa ráðherra í stjórn í stað Láru Magnúsdóttur og Ásgríms Angantýssonar. Fastráðnir starfsmenn í árslok voru 32.

## STARFSMENN Á ÁRINU 2013

### Forstöðumaður

Guðrún Nordal

### Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

### Handritasvið

Svanhildur Óskarsdóttir, Erika Sigurdson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Hersteinn Brynjólfsson, Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Kristján Eiríksson, Ludger Zeevaert, Margrét Eggertsdóttir, Sigurgeir Steingrímsson, Soffía Guðný Guðmundsdóttir, Svanhildur Gunnarsdóttir, Viðar Pálsson, Þórður Ingi Guðjónsson

### Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, Ágústa Þorbergsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

### Nafnfræðisvið

Hallgrímur J. Ámundason, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir

### Orðfræðisvið

Guðrún Kvaran, Ásta Svavarsdóttir, Gunnlaugur Ingólfsson, Halldóra Jónsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Kristín Bjarnadóttir, Sigrún Helgadóttir, Þórdís Úlfarsdóttir

### Þjóðfræðisvið

Gísli Sigurðsson, Rósa Þorsteinsdóttir

### Stjórnsýslusvið

Kári Kaaber, Antonio Costanzo, Bessi Aðalsteinsson, Guðmundur G. Guðmundsson, Helga Ingvarsdóttir, Ríkarður Owen, Rósa Sveinsdóttir, Sigurður Valtýsson, Steinþór Steingrímsson

### Bókasafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir

Sjö sumarstarfsmenn voru ráðnir á stofnunina í átaki Vinnu- málastofnunar. Í skýrslunni eru þeir nefndir við verkefni sem þeir unnu helst við. Auk þess unnu á stofnuninni í styttri tíma stúdentar sem hlutu styrki til ákveðinna verkefna og er þeirra getið þar.

# FYLGJT ÚR HLAÐI



*Margrét Þórhildur Danadrottning  
sýndi handritunum mikinn áhuga.*

Á síðasta ári voru liðin 350 ár frá fæðingu Árna. Afmælisárið gaf stofnuninni einstakt tækifæri til að vekja athygli landsmanna á þeim margslungna arfi sem tengist nafni Árna og á gildi handritanna í samtímameningu okkar. Lögð var áhersla á að færa handritin út í samfélagið og í þeim anda virkjuðum við fjölmarga til samstarfs, s.s. menningarráðin um allt land, skóla, fræðimenn hér heima og erlendis, bókaútgáfur, listamenn og rithöfunda. Á árinu urðu til ómetanleg verk, bækur, sýningar og fyrirlestrar, sem munu lifa. Heimsókn Margrétar Danadrottningar og þátttaka í öllum viðburðum afmælisdagsins 13. nóvember undirstrikaði náð samstarf þjóðanna um handritin en tæpur helmingur safns Árna er enn í Kaupmannahöfn.

Rannsóknir á arfi Árna eru samofnar öllu öðru rannsóknarstarfi á stofnuninni, rannsóknum á íslenskrí tungu, rannsóknum á örnefnum og í þjóðfræði, og þróun máltækni. Ársskýrslan lýsir vel margvíslegum verkefnum stofnunarinnar, þeim árangri sem orðið hefur í starfseminni á síðasta ári og þeirri miklu alþjóðlegu samvinnu sem styður við allt okkar starf. Fyrir nokkrum árum var mörkuð framtíðarsýn fyrir stofnunina með nýju húsi á Melunum. Framkvæmdir við bygginguna hófust loks í upphafi síðasta árs en var því miður slegið á frest um óákveðinn tíma. Hús er ekki aðeins steypa og gler. Í húsinu sameinast starfsemi stofnunarinnar og kennsla og rannsóknir í íslensku við Háskóla Íslands. Í húsinu verður búið vel að handritasafni Árna og aðstaða til nútímalegra sýninga á handritunum; en nú er engin handritasýning í höfuðborginni.

Húsið er forsenda þess að við getum nútímavætt allt okkar rannsóknar- og miðlunarstarf og tekið myndarlega á móti gestum, stúdentum og fræðimönnum sem sækja sér þekkingu og innblástur í sófn okkar.

Í ávarpi mínu á afmælishátíð Árna Magnússonar í Þjóðleikhúsinu kallaði ég eftir skýrri framtíðarsýn og að við létum verkin tala:

„Bylting í upplýsingamiðlun ógnaði tilveru handritanna á sautjándu og átjándu öld þegar glæný pappírshandrit og prentaðar bækur ýttu gömlum skinnbókum til hliðar. Þá máttu handritin engan tíma missa.

Nú lifum við aðra upplýsingabyltingu. Ný tækni kallar á nýjar rannsóknaraðferðir, nýjar útgáfur og nýja miðlun; og öðruvísi hugsun. Við flettum handritum í spjaldtölvum og símum, búum til gagnvirkar útgáfur fyrir skólafólk og nútímalegar sýningar fyrir alla þá ferðamenn sem flykkjast til landsins.

Safn Árna Magnússonar, sem varðveitt er í Reykjavík og Kaupmannahöfn, er komið á varðveisluskrá Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) sem leggur þá ljúfu skyldu á herðar okkar og Dana að miðla þeim til alls heimsins. Og manntalið, sem Árni og Páll Vídalín sáu um að gera fyrir Friðrik fjórða árið 1703, er nú komið á sömu varðveisluskrá.

Það er stórkostlegt að standa á þröskuldi þessara breytinga og með fangið fullt af tækifærum – einmitt á afmælisári Árna Magnússonar. Í því verki skulum við taka hann sjálfan okkur til fyrirmyndar: stórhuga, gagnrýninn, einbeittan – en ekki síst ástríðufullan.“

*Guðrún Nordal forstöðumaður*

# AFMÆLISHÁTÍÐ ÁRNA MAGNÚSSONAR (1663–1730)



## Þormóðsbók Brennu-Njáls sögu

Velli saga was written around 1200 A.D. It is the longest of all Sagas in Icelandic. The text consists of working manuscripts written by 8 scribes but it was an equally popular saga. Over 20 books and fragments had it as an equally popular saga. Over 20 books and fragments had it as an equally popular saga. Over 20 books and fragments had it as an equally popular saga.

Þormóðsbók Brennu-Njáls sögu is the longest of all Sagas in Icelandic. The text consists of working manuscripts written by 8 scribes but it was an equally popular saga. Over 20 books and fragments had it as an equally popular saga. Over 20 books and fragments had it as an equally popular saga.

Þormóðsbók Brennu-Njáls sögu is the longest of all Sagas in Icelandic. The text consists of working manuscripts written by 8 scribes but it was an equally popular saga. Over 20 books and fragments had it as an equally popular saga. Over 20 books and fragments had it as an equally popular saga.





*Charlotte Bøving, Bragi Valdimar Skúlason, Kjartan Sveinsson, Vigdís Finnbogadóttir, Hugleikur Dagsson og Steinunn Sigurðardóttir tóku að sér að vera „fóstrur“ og fylgdarmenn hvers handrits „alla leið heim“. Á myndina vantar Ragnar Stefánsson.*

Handritasafn Árna Magnússonar er á varðveisluskrá Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) – Minni heimsins. Sú viðurkenning fékkst árið 2009 og varð stofnuninni hvatning til þess að halda veglega upp á að 350 ár voru liðin frá fæðingu Árna Magnússonar 13. nóvember 1913. Tímamótanna var minnst með ýmsum hætti en fyrst og fremst var tækifærið nýtt til þess að minna landsmenn á mikilvægi handritasöfnunar Árna og þau verðmæti sem þjóðin – og heimurinn allur – á í safni hans. Hér á eftir er sagt frá því sem fram fór á árinu, sýningum, útgáfum og ráðstefnum, en ætlunin er að láta hér ekki staðar numið heldur halda áfram að minna á margvísleg fræðastörf Árna Magnússonar.

Sýningarnar Handritin alla leið heim stóðu yfir sumarlangt en sýningarstandarnir og eftirlíkingarnar urðu áfram í vörslu heimamanna og verða vonandi áfram til sýnis árið 2014. Eftirlíkingarnar geta einnig nýst við annan áfanga verkefnisins en hann felst í heimsóknum safnkennara Árnastofnunar

í skóla á landsbyggðinni á vorönn 2014. Tilgangurinn með þeim heimsóknum er að gefa börnum og unglingum á landsbyggðinni tækifæri til að kynna handritunum til jafns við börn í skólum á höfuðborgarsvæðinu og vekja athygli þeirra á tengslum heimahaga sinna við bókmenntir, sögu og menningarlíf þjóðarinnar.

Á afmælisárinu hófst einnig samstarf við frimerkjaútgáfu Íslands og Danmerkur og undirbúningur að útgáfu frimerkja í báðum löndum til minningar um Árna Magnússon.

Starfsmenn stofnunarinnar lögðu sitt af mörkum til að afmælisárið tækist sem best en afmælismerki og umgjörð afmælisársins hannaði Sigríður Hulda Sigurðardóttir, nemandi við Listaháskóla Íslands, í samstarfi á stofnuninni með stuðningi Vinnumálastofnunar.

Stofnunin naut einnig ómetanlegs stuðnings, bæði frá aðilum hér heima og erlendis. Langstærsta framlagið kom frá ríkisstjórn Íslands sem veitti stofnuninni 12 milljóna króna styrk til að standa straum af verkefnum um allt land, bókaútgáfu og hátíðarhöldum á sjálfan afmælisdaginn. Fyrir þennan stuðning er þakkað af heilum hug.

Viðburði afmælisársins er hægt að kynna sér í máli og myndum á vefsíðu stofnunarinnar: [www.arnastofnun.is/page/350\\_ar\\_afmaeli](http://www.arnastofnun.is/page/350_ar_afmaeli)





Steindór Andersen og Kjartan Sveinsson kveða rímur úr Staðarhólsbók rímna.



Svanhildur Óskarsdóttir fræðir Ragnar Stefánsson um Physiologus.

## HANDRITIN ALLA LEIÐ HEIM

Meðal þeirra atburða, sem efnt var til á afmælisárinu, var að útbúa eftirlíkingar af sex völdum handritum og koma hverri eftirlíkingu fyrir á stað (eða nálægt þeim stað) þaðan sem Árni fékk handritið, einni í hverjum landshluta. Ætlunin var að draga athygli að því að handritin í safni Árna komu víðs vegar að af landinu og segja má að hvert hérað geti státað af dýrgrip í Árnasafni. Forvörður Árnastofnunar, Hersteinn Brynjólfsson, gerði nákvæma eftirlíkingu af útliti viðkomandi handrits. Verkefnið var unnið í samvinnu við heimamenn á hverjum stað og styrkt af Menningarráðum allra landshlutanna.

Til þess að vekja athygli á verkefninu voru nokkrir landsþekktir einstaklingar fengnir til þess að verða „fóstrur“ og fylgdarmenn hvers handrits „alla leið heim“. Þetta voru þau Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, Bragi Valdimar Skúlason textasmiður, Charlotte Bøving leikkona, Kjartan Sveinsson tónlistarmaður, Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður, Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur og Hugleikur Dagsson myndlistarmaður. Öll heimsóttu þau stofnunina og fræddust um handritið hjá sérfræðingi þar og síðan fóru þau hvert á sinn sýningarstað og afhentu heimamönnum eftirlíkinguna til eignar við hátíðlega athöfn. Þar fræddi sérfræðingur Árnastofnunar gesti um handritið og fylgdarmaðurinn túlkaði á einhvern hátt kynni sín af því. Verkefnið var kynnt í sjónvarpsþættinum Landanum, í dagblöðum og í útvarpi.

Finnur Arnar Arnarson myndlistarmaður og Sigrún Sigvaldadóttir hönnuðu sýninguna og Finnur smíðaði sex veglega



Bökfella  
ti að mynd  
Pergament  
en strimm  
The seam  
parchmer  
Naht zwis


Á þessum skinnrenningi er rímtal sem sýnir alla mánuði ársins og páskaþöflu. Sagan segir að tröllkona hafi bjargað Þingeyingum með því að færa þeim rímið en þeir höfðu ruglast í ríminu og vissu ekki hvenær halda ætti jólin.



sýningarstanda þar sem handrits-  
eftirlíkingunni var komið fyrir undir gleri. Hönnun  
örsýninganna sex var einstök þar sem í öllum tilvikum þurfti  
að koma eftirlíkingunum fyrir í húsnæði sem er ekki ætlað til  
slíkra sýninga. Allir standarnir eru eins upp byggðir og þurfti  
ekki annað en raða þeim saman og stinga í samband þegar á  
staðinn var komið. Á hliðum sýningarstandanna eru upplýsingar  
um hvert handrit, safnarann Árna Magnússon og bóka-  
gerð, en einnig voru prentaðir bæklingar með upplýsingum á  
fjórum tungumálum.

## HANDRITAKORT ÍSLANDS

Gefið var út Handritakort Íslands til að lýsa á skýran og  
aðgengilegan hátt 43 völdum handritum og tengslum þeirra  
við ákveðna staði á landinu. Handritin dreifast nokkuð jafnt  
um landið en einnig var lögð áhersla á fjölbreytni þeirra í efni  
og útliti. Tengsl handritanna við einstaka bæi geta verið af  
ýmsum toga. Stundum felast þau í því að þar hefur handritið  
verið skrifað, stundum hefur Árni Magnússon fengið handrit  
þaðan og einstaka sinnum er vitað að handritið var um tíma í  
eigu einhvers á bænum. Mynd er af hverju handriti og þeim er  
öllum lýst stuttlega, auk þess sem heimkynni þeirra eru merkt  
inn á kortið. Handritakortið er gefið út í samvinnu við Mál og  
menningu (Forlagið) og er fánlegt á íslensku, dönsku, ensku  
og þýsku. Guðvarður Már Gunnlaugsson annaðist útgáfunna.





Um 170 manns tóku þátt í alþjóðlegu handritaráðstefnunni. Hér hlýða gestir á ávarp Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra.

## HEIMUR HANDRITANNA – ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA

Ráðstefnan Heimur handritanna var haldin í Norræna húsinu dagana 10.–12. október. Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, ávarpaði gesti en heiðursgestur ráðstefnunnar var rithöfundurinn Arnaldur Indriðason sem flutti upphafserindi. Sextán fyrirlestrar voru síðan haldnir í átta málstofum. Í hverri málstofu var athyglinni beint annars vegar að handritum úr safni Árna og hins vegar að handritum úr öðrum söfnum.

Í fyrstu málstofunni var sagt frá handritasafnanum Árna og þeim sem söfnuðu írskum handritum um svipað leyti. Síðan litu fyrirlesarar til handritanna sjálfra frá mörgum mismunandi sjónarhornum. Fjallað var um skriftarfræði, latnesk handrit og handritabrot, myndlist í handritum og hvernig má nýta handrit sem heimildir um tónlistariðkun fyrr á tímum, svo að fátt eitt sé nefnt.

Þátttakendur nutu gestrisni borgarstjóra og tónlistar Báru Grímsdóttur og Chris Fosters en ráðstefnunni lauk með dagsferð í Reykholt, að Húsafelli, Hraunfossjum og til Þingvalla.

Óhætt er að fullyrða að ráðstefnan hafi tekist vel og verið frábært tækifæri til að kynna fyrir erlendum fræðimönnum hið ómetanlega handritasafn Árna Magnússonar, kynnast handritum í erlendum söfnum og rannsóknum á þeim; skiptast á skoðunum og ekki síst skapa nýjar hugmyndir að verkefnum og samstarfi í framtíðinni.

Fyrirlesarar ráðstefnunnar voru: Árni Heimir Ingólfsson, Per Cullhed, Margaret Ezell, David Ganz, Jürg Glauser, Guðbjörg Kristjánsdóttir, Jeffrey Hamburger, Alex Speed Kjeldsen, Már Jónsson, Áslaug Ommundsen, Susan Rankin, Richard Sharpe, Peter Springborg, Mariken Teeuwen, Svanhildur Óskarsdóttir og Matthew James Driscoll. Í undirbúningsnefnd voru Emily Lethbridge, Margrét Eggertsdóttir og Már Jónsson en um 30 nemendur í Medieval Icelandic Studies við Háskóla Íslands tóku þátt í ráðstefnunni og aðstoðuðu skipuleggjendur hennar með ýmsum hætti.

Hægt er að hlusta á alla fyrirlestrana á vefsíðu stofnunarinnar.



Margrét Þórhildur Danadrottning blaðar í 66 handritum úr Förum Árna Magnússonar með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta.

## 66 HANDRIT ÚR FÖRUM ÁRNA MAGNÚSSONAR


Bókin 66 handrit úr förum Árna Magnússonar var gefin út í tilefni 350 ára fæðingarafmælis hins stórtæka bókasafnara Árna Magnússonar. Lesendum gefst kostur á að kynnst þeirri fjölskrúðugu auðlegð sem Árni bjargaði frá glötun á sínum tíma.

Segja má að bókin sé ný sýnisbók handrita, ætluð fyrir almenna lesendur, en eins og titillinn ber með sér er þar staldrað við 66 handrit úr safni Árna, eitt fyrir hvert ár sem hann lifði, og þeim lýst í máli og einstökum myndum. 33 handritanna eru varðveitt í Árnasafni í Kaupmannahöfn en önnur 33 á Árnastofnun í Reykjavík. Jafnframt eru skoðuð nokkur af fjölmörgum fornbréfum sem safnið varðveitir. Svanhildur Óskarsdóttir ritar inngang um Árna og ástríðu hans og þær Laufey Guðnadóttir og Soffía Guðný Guðmundsdóttir bregða ljósi á handverkið sem tíðkaðist við bókagerð á miðöldum. Alls eiga 35 fræðimenn texta í verkinu, innlendir og erlendir.

Hið stórmerka safn handrita, sem varðveitt er undir nafni Árna Magnússonar, er gríðarlega fjölbreytilegt eins og kemur

fram í þessari bók. Þarna má finna bókmenntir og fræði, guðsorð og lögbækur, dagatöl og söngbækur, svo að eitt-hvað sé nefnt. Sum handritin eru slitur eða laus blöð en önnur eru þverhandarþykkar bækur í góðu ásigkomulagi. Handritin í safni Árna eru ekki öll íslensk að uppruna, t.d. er elsta handritið ættað frá Spáni. Mörg bera þess vitni, löskuð og velkt, að hafa verið bjargað á elleftu stundu, önnur hafa varðveitt upprunalegan glæsileik þannig að undrun og aðdáun vekur. Þau eiga það eitt sameiginlegt að vera ómetanlegar heimildir sem verðskulda stöðu sína á varðveisluskrá UNESCO enda eiga þau erindi við heiminn allan.

Svanhildur Óskarsdóttir sá um útgáfuna og var auk þess ritstjóri hennar ásamt Matthew James Driscoll og Sigurði Svavarsyni. Myndir í bókinni tóku Jóhanna Ólafsdóttir og Suzanne Reitz en Líba Ásgeirsdóttir annaðist hönnun og umbrot. Bókaútgáfan Opna gaf bókina út í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn.





Á sýningunni *Íslenska teiknibókin* – 350 ára afmæli Árna Magnússonar var m.a. sýnt stækkað myndefni úr *Teiknibókinni*.

## AFMÆLISDAGURINN 13. NÓVEMBER – HEIMSÓKN DROTTNINGAR

Hátíðarhöldin náðu hámarki á sjálfan afmælisdaginn þegar hennar hátign Margrét Þórhildur Danadrottning heiðraði Íslendinga og stofnunina með því að vera viðstödd þá viðburði sem efnt var til þann dag. Dagskráin hófst með minningarfyrirlestri Árna Magnússonar sem áætlað er að verði hér eftir árlegur viðburður. Sýningin um íslensku teiknibókina var opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi og deginum lauk síðan með glæsilegri hátíðardagskrá í Þjóðleikhúsinu í boði forsætisráðherra.

## FYRIRLESTUR ÁRNA MAGNÚSSONAR

Það kom í hlut dr. Annette Lassen, lektors við Kaupmannahafnarháskóla, að halda fyrsta Árna Magnússonar fyrirlesturinn í hátíðasal Háskóla Íslands. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, bauð gesti velkomna, Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, ávarpaði samkomuna og Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, sagði nokkur orð um Árna Magnússon. Fyrirlestur Annette bar heitið Sagaer í samtiden: Árni Magnússon storsláede arv. Þess má geta að Annette Lassen er ritstjóri nýrrar danskrar þýðingar allra Íslendingasagna sem kemur út á nýju ári.

## ÍSLENSKA TEIKNIBÓKIN

Segja má að miðaldahandritið AM 673a III 4to, íslenska teiknibókin, hafi verið handrit afmælisársins. Teiknibókin er einstæð meðal íslenskra handrita og eina handrit sinnar tegundar sem varðveist hefur á Norðurlöndum. Guðbjörg Kristjáns-

dóttir listfræðingur hefur rannsakað Teiknibókina um áratuga skeið og niðurstöður hennar birtust í fyrsta sinn í bókinni *Íslenska teiknibókin* sem kom út á árinu. Guðrún Nordal ritaði aðfaraorð og ljósmyndir eru verk Jóhönnu Ólafsdóttur ljósmyndara. Ritstjóri var Soffía Guðný Guðmundsdóttir en Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir hönnuðu bókina. Útgefandi var Crymogea í samstarfi við stofnunina. *Íslenska teiknibókin* vakti mikla athygli og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2013 í flokki fræðibóka og rita almenns efnis.

## SÝNINGIN ÍSLENSKA TEIKNIBÓKIN – 350 ÁRA AFMÆLI ÁRNA MAGNÚSSONAR

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra opnaði sýninguna *Íslenska teiknibókin* í Gerðarsafni að viðstöddu fjölmenni. Á sýningunni var stækkað myndefni úr handritinu ásamt skyldum handritalýsingum og öðru samanburðarefni. Á sýningunni eru eftirgerðir Hersteins Brynjólfssonar forvarðar af sjö síðum úr *Teiknibókinni*, auk tveggja síðna úr *Physiologus*, myndskreyttu náttúrufræðiriti frá um 1200.

Í tengslum við sýninguna var sviðsmynd skrifarastofunnar, sem áður var á sýningu stofnunarinnar í Þjóðmenningarhúsi, sett upp í Gerðarsafni við góðar undirtektir grunnskólanema sem nutu safnfræðslu safnkennara stofnunarinnar, Svanhildar Mariu Gunnarsdóttur, í samstarfi við Telmu Haraldsdóttur, listfræðinema og starfsmann Gerðarsafns, og Myndlistaskólann í Reykjavík sem hélt utan um listasmiðjur fyrir börn og unglinga nokkra laugardagsmorgna fram að áramótum.



Ari Eldjárn.  
Hundur í óskilum.

Grettir Valsson.  
Eva María Jónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson.

Spilmenn Ríkínis.  
Skálmöld.

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Hátíðardagskráin í Þjóðleikhúsinu var blanda fróðleiks og skemmtunar. Þar komu fram margir helstu listamenn þjóðarinnar, leikarar, tónlistarmenn og skáld, og sýndu hvílikt líf er í arfi handritanna; í skáldskap, myndlist, tónlist og kvikmyndum.

Kynnar kvöldsins voru Eva María Jónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson en stjórnandi dagskrárinnar var Bergur Þór Ingólfsson. Hvert sæti í Þjóðleikhúsinu var setið og komust færri að en vildu.

Verkefnisstjóri var Sólveig Guðmundsdóttir og í undirbúningsnefnd stofnunarinnar voru Guðrún Nordal, Halldóra Jónsdóttir og Rósa Þorsteinsdóttir en fjölmargir aðrir starfsmenn stofnunarinnar, forsætisráðuneytis og Þjóðleikhússins komu að undirbúningi hátíðarinnar.

Dagskráin var tekin upp af RÚV og sýnd í Sjónvarpinu 1. desember 2013.

- Örn Magnússon leikur tónlist úr bókinni *Allerhand Oden und Lieder* (1642)
- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra setur hátíðina
- Spilmenn Ríkínis flytja tónlist úr bókum frá 17. og 18. öld
- Grettir Valsson fer með visu úr *Egils sögu* (Möðruvallabók)
- Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, flytur ávarp
- Steindór Andersen og Kjartan Sveinsson kveða tvisöngsstemmu við kvæðið „Lækurinn“ eftir Gísla Ólafsson (1885–1967)

- Ari Eldjárn fer með gamanmál
- Þúsund andlit Þórs
- Afmælskveðja frá Óðni: Atriði úr teiknimyndinni *Hetjur Valhallar – Þór* (2010)
- Einar Kárason flytur hugleiðingu
- Sigríður Thorlacius og Högni Egilsson syngja þjóðlag við visu úr *Víglundar sögu*
- Margrét Vilhjálmsdóttir les úr *Grágás* (Staðarhólsbók)
- Ólafur Egill Egilsson les úr *Fáfnismálum* (Konungsbók eddukvæða)
- Hulda Björk Garðarsdóttir og félagar flytja hluta af „*Reið valkyrjanna*“ eftir Richard Wagner (1813–1883)
- Handritin og kvikmyndir: Afmælskveðja frá Chris Newman, framleiðanda *Game of Thrones*
- Guðbergur Bergsson les úr *Ljóðabók sinni Flateyjar-Freyr* (1978)
- Hundur í óskilum sýnir söngleikinn „Íslandsklukkan“
- Kristbjörg Kjeld les úr *Njáls sögu* (Kálfalækjarbók)
- Gerður Kristný les úr *Ljóðabók sinni Blóðhófnir* (2010)
- Myndlist í handritum. Davíð Þór Jónsson leikur eigin útsetningu á „*Heyr himnasmíður*“ eftir Þorkel Sigurbjörnsson (1938–2013)
- Guðrún Nordal flytur ávarp
- Skálmöld leikur eigin tónlist



# GAGNASÖFN

Gagnasöfn stofnunarinnar eflast á hverju ári. Stofnuninni eru færð handrit að gjöf, örnefnaskrár verða sifellt fyllri og nákvæmari, orðasöfn stækka, íðorðasöfn eflast og þjóðfræðaeftir er safnað af starfsmönnum stofnunarinnar og fleirum. Hlúð er að gögnum og unnið að því að miðla þeim.

## Handrit

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fékk síðustu fjármuni Þjóðhátíðarsjóðs og var fénu varið til áframhaldandi viðgerða á Flateyjarbók. Jiri Vnoucek, forverði á Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn, var boðið til landsins og vann hann í októbermánuði að viðgerðum á handritinu ásamt Hersteini Brynjólfssyni.

Ljósmyndun handrita var haldið áfram en færri handrit í heild sinni voru mynduð á árinu en oft áður vegna þess að allnokkur tími fór í tókur á sérvöldu efni úr handritunum vegna atburða sem tengdust hátíðarhöldum á 350 ára fæðingarársmæli Árna Magnússonar. Má þar m.a. nefna útkomu bókarinnar *66 handrit úr fótum Árna Magnússonar* og sýningu á *Íslensku teiknibókinni* í Gerðarsafni. Erlendir og innlendir útgefendur leituðu í nokkrum mæli eftir myndefni úr handritum í Árnasafni til birtingar í bókum, tímaritum og á sýningum og í sjónvarpsþáttum. Guðvarður Már Gunnlaugsson tók við umsjón myndamála af Sigurgeiri Steingrímssyni í lok ársins.

Engin handrit í varðveislu stofnunarinnar voru skráð í gagnagrunninn [handrit.is](http://handrit.is) vegna fjárskorts og manneklu.

## Íðorð

Íðorðabanki Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er á vef stofnunarinnar og eru um 50 orðasöfn í birtingarhluta hans. Á árinu voru eftirtalin orðasöfn (með endurbótum) færð inn í Íðorðabankann: orðasöfn í tómsundafræðum og endurbætur á orðalista LÍSU (Samtök um landupplýsingar fyrir alla). Unnið var að endurbótum og viðbótum við fleiri íðorðasöfn, t.a.m. læknisfræði, plöntuheiði, menntunarfræði, byggingarverfræði, listfræði og upplýsingafræði. Enn biða fleiri íðorðasöfn birtingar í Íðorðabankanum vegna þess að ekki hefur verið að fullu lokið við endurforritun hans. Gengið var frá *Orðasafni í líffærafræði* til útgáfu á prentuðu formi. Ágústa Þorbergsdóttir er ritstjóri Íðorðabankans.

## Orðaforði

Eldri söfn Orðabókar Háskólans, sem í mörgum tilvikum eru undirstöðuheimildir, hafa að miklu leyti verið færð í rafrænan búning. Á síðari árum hafa bæst við ný rafræn söfn með nýju efni eða söfn sem unnin eru upp úr grunnsöfnunum. Flest þessara rafrænu safna eru aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar til leitar og skoðunar.

## Íslenskt textasafn

Um mitt ár 2013 fékk Íslenskt textasafn nýtt notendaviðmót. Það var endurforritað frá grunni og byggist leit í textunum nú algjörlega á gagnagrunnstækni. Nýbreytni er að nú er hægt að leita að tveimur samliggjandi orðum í einu í öllum beygingarmyndum þeirra. Textarnir eru þeir sömu og áður en með nokkrum mikilvægum viðbótum úr ritum 19. aldar. Um forritun og gagnagrunnsvinnslu sá Ragnar Hafstað. Umsjónarmaður textasafnsins er Þórdís Úlfarsdóttir.

## Mörkuð íslenskt málheild

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) var opnuð formlega á ársfundum stofnunarinnar vorið 2013. Málheildin hefur að geyma um 25 milljónir orða af fjölbreyttum textum. Orð í textunum eru greind málfræðilega og hverjum texta fylgja bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem textinn er úr. Málheildin er ætluð fyrir málrannsóknir og til notkunar í máltækniverkefnum. Málheildin er aðgengileg til leitar (<http://mim.arnastofnun.is/>) og einnig má sækja texta málheildarinnar af vefsetrinu <http://malfong.is/> í sérstöku xml-sniði, TEI P4, sem er skilgreint af TEI (Text Encoding Initiative). Á málheildarsíðunni má einnig leita í textum *Íslenskrar orðiðibókar* og safni texta úr forritum. Umsjónarmaður málheildarinnar er Sigrún Helgadóttir.

## Örnefni

Í Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum bætast sifellt endurskoðaðar örnefnaskrár og kort, uppdrættir eða loftmyndir með örnefnum sem einstaklingar hafa gert á stafrænu formi eða á pappír.

Nafnfræðisvið stofnunarinnar er aðili að gagnasafninu Sarpi ([www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)) sem er í sameign nokkurra safna á Íslandi, þar á meðal Þjóðminjasafns Íslands, Minjasafns Reykjavíkur, ýmissa minja- og byggðasafna víðs vegar um landið, listasafna o.fl. Talsvert efni er þegar komið í gagnasafnið úr Örnefnasafni Árnastofnunar og aukinn kraftur



*Örnefnasafn er mikið að vöxtum og stækkar enn. Hallgrímur J. Ámundason að störfum.*

verður settur í það starf á næstu misserum. Nú þegar er meginhluti örnefnaskráa í Örnefnasafni aðgengilegur á rafrænu formi sem pdf-skjöl og vonir standa til að innan tveggja ára verði hægt að leita í flestum örnefnaskráum í gagnagrunninum Sarpi.

### **Þjóðfræði**

Á árinu var haldið áfram að afrita og skrá eldra efni og ýmsar leiðréttingar og lagfæringar gerðar á gagnagrunninum Ísmús ([www.ismus.is](http://www.ismus.is)). 13 pantanir á afritum voru afgreiddar til nota við rannsóknir, við gerð útvarpsþátta, til fræðslu og skemmtunar, en með tillömu Ísmús fer þörfin fyrir slíka þjónustu minnkandi þar sem notendur geta nú sjálfir hlaðið hljóðskránum niður í sínar eigin tölvur.

Nemandi Rósu Þorsteinsdóttur, Anna Kristín Gunnarsdóttir bókmenntafræðinemi, hlaut framhaldsstyrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að taka viðtöl við konur á Akureyri um stríðsárin en verkefni hennar hafði árið áður verið tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Þjarney Runólfsdóttir afhenti þjóðfræðisafninu 23 hljóðsnældur með upptökum sem hún gerði í heimsóknum til móðursystur sinnar, Hólmfríðar Sigfúsdóttur (f. 1911) húsfreyju á Sandi í Aðaldal, seinna í Reykjavík. Margaret Cormack og Tómas V. Albertsson afhentu bæði upptökur með viðtölum og Helga Björk Grétudóttir afhenti geisladisk með munnhörpuleik föður síns. Þá tók safnið við viðtölum nemenda í námskeiðinu Söfnun þjóðfræða.



## RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFA

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun þar sem unnið er að rannsóknum á sviði íslenskra fræða. Starfsmenn vinna við rannsóknir á frumgögnum stofnunarinnar. Akademískir starfsmenn stunda einnig sjálfstæðar rannsóknir á fræðasviðum sínum.

### Rannsóknarbókasafn

Fjöldi innlendra fræðimanna, kennara og stúdenta auk starfsmanna notfærði sér hið öfluga og sívaxandi rannsóknarbókasafn stofnunarinnar á sviði íslenskra fræða. Mikil eftirspurn er eftir vinnuáðstöðu á lessölum stofnunarinnar, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum og doktorsnemum.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, þeirra Þorsteins M. Jónssonar og Birgít Baldwin, og getur því ætíð keypt mikilvægar bækur og fylgst vel með á fræðasviðinu.

Skráður eintakafjöldi í bókasafni stofnunarinnar um áramót var 43.151 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Keypt voru um 319 eintök bóka á árinu (114 íslenskar bækur og 205 erlendar) en auk þess kaupir safnið fjölda íslenskra og erlendra tímarita á fræðasviði sínu. Það greiðir auk þess fyrir aðild að

Gegni og Landsaðgangi að erlendum tímaritum og gagnasöfnum.

Á árinu bárust safninu margar ágætis bókagjafir frá vinum og velunnurum. Gerda Cook gaf 53 fræðibækur úr safni Roberts Cook til viðbótar því sem hún gaf á síðasta ári, Guðrún Kvaran gaf 45 málfræðibækur, m.a. um kynbundið málfar, erfingjar Einars B. Pálssonar gáfu tug málfræðibóka úr safni hans, Jónas Kristjánsson gaf 40 bækur, þar á meðal margar stórar og fallegar bækur um handrita- og víkingasýningar víða um heim, Margaret Cormack gaf 39 bækur til viðbótar fyrri gjöf og Ólafur Halldórsson lét eftir sig um 40 bækur á stofnuninni sem börn hans gáfu en auk þess fékk safnið margar fleiri bækur að gjöf, t.d. sendu þau Silvia Cosimini og Marcel Otten þýðingar sínar.

Tvær gamlar og verðmætar bækur fékk safnið að gjöf á síðasta ári, þ.e. *Andleger Psalmar og Kvæde : Og nu i Eitt eru samañtekner, til Gudrækelegrar Brwkunar og Froodleiks* (Kaupmannahöfn 1770) eftir Hallgrím Pétursson frá Kristjáni Jónssyni og *Anvisning till Isländskan eller Nordiska Fornspråket* (Stokkhólmi 1818) eftir Rasmus Rask frá Eiríki Bjarnasyni.

Pólskur Erasmus-stúdent í bókasafnsfræði, Izabela Wilkzyska, vann á safninu í þrjá mánuði við skráningu sérprenta, yfirfærslu filma af handritum á stafrænt form og fleira.



## Rannsóknarverkefni

### *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*

Ný vefsíða fyrir Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN) var opnuð 30. október 2013. Sem fyrr er þar opinn aðgangur að beygingardæmunum og þar er einnig hægt að sækja tölvutæk gögn. Á nýju vefsíðunni eru skýringar á efniviði og efnistöfum í BÍN og á málfræðinni sem liggur að baki, þ.m.t. á öllum beygingarþáttum í hverjum orðflokki. Þá er gerð grein fyrir sögu verkefnisins, allt frá árinu 2002. Nýja vefsíðan er þjálli í notkun en sú gamla og er ekki lengur bundin við lestur á stórum skjá. Ja.is er styrktaraðili BÍN og forritun við nýju síðuna var unnin þar. Ritstjóri BÍN er Kristín Bjarnadóttir og sumarmaður við verkeið var Kristján Rúnarsson með stuðningi Vinnuálastofnunar.

### *Bragi – óðfræðivefur*

Á Braga er lögð áhersla á skráningu alls íslensks kveðskapar fyrir 1800 og valinna ljóða og vísa eftir það. Á vefum skjalasafna er aftur á móti lögð megináhersla á að skrá kveðskap úr héraði og þá einkum eftir 1800. Á þessu ári bættust fjögur ný skjalasöfn í hópinn og eru nú vísa- og kvæðasöfn skjalasafna víðs vegar um land orðin átta á Braganetinu. Einnig var kvæðarannsóknargrunnur málfræðinga, Greinir skáldskapar, færður undir það. Skráningar- og leitarmöguleikar hafa verið auknir að mun og unnið er að nákvæmari framsetningu bragarháttanna. Talsverðu efni hefur og verið bætt við Braga sjálfan.

Tveir skáldskapargrunnar á öðrum málum en íslensku hafa verið opnaðir á Braganetinu. Sá fyrri er ljóðavefur á Esperanto, Metrika retejo, og opnaði frú Vigdís Finnbogadóttir hann við hátíðlega athöfn á Alþjóðabæingum esperantista í Hörpu sumarið 2013. Sá síðari, norskur ljóðagrunnur, Skalde-Brage, sem unnið var fyrir styrk til norsk-íslensks menningarsamstarfs, er nú einnig öllum opin.

Undir Braga eru þrjú rannsóknargrunnar sem aðeins eru opinir rannsakendum sjálfum og umsjónarmanni Braga. Þeir eru: Dægurlagatextar frá 1950 til 2013 (rannsóknargrunnur Bjarka Karlssonar, doktorsnema í bragfræði), Íslenskar þulur (rannsóknargrunnur Yelenu Sesselju Helgadóttur sem vinnur að doktorsritgerð um íslenskar þulur síðari alda) og Kveðskapur Ólafs á Söndum (rannsóknargrunnur Johnnys F. Lindholms sem vinnur að rannsóknum á Kvæðabók Ólafs á Söndum).

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Braga – óðfræðivefs er Kristján Eiríksson og meðritstjóri og kerfisstjóri Bjarki Karlsson.

### *Breytileiki Njáls sögu*

Í verkefninu, sem nýtur styrks úr Rannsóknarsjóði, er breytileiki Njálu skoðaður með aðferðum málvísinda, bókmenntafræði, handrita- og textafræði. Texti mismunandi handrita sögunnar er skrifaður upp og kóðaður og uppskriftirnar nýttar til samanburðar á ýmsum þáttum. Verkefnið er unnið í samvinnu við Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn og með þátttöku Haralds Bernharðssonar og Sveins Yngva Egilssonar, Háskóla Íslands, og Alarics Halls, Leeds-háskóla. Það var kynnt á Hugvísindabæingum í mars og á Visindavöku RANNÍS í september, á ráðstefnunni *Easy Tools for Difficult Texts* við Huygens Institute í Haag, 18. apríl, *Dynamics of the Medieval Manuscript* í Utrecht, 26. apríl og á 103. SASS-ráðstefnunni 2.–4. maí í San Francisco. Þorsteinn Surmeli, einn þátttakenda í verkefninu, lauk MA-prófi á árinu með ritgerð um Njáluhandrit frá 19. öld undir handleiðslu Sveins Yngva Egilssonar. Áformað er að texti elstu handritsbrotanna Njálu verði gerður aðgengilegur á vef en niðurstöður rannsókna verða að öðru leyti kynntar í greinasafni. Verkefnisstjóri er Svanhildur Óskarsdóttir. Auk þess eru Emily Lethbridge, Margrét Eggertsdóttir, Ludger Zeevaert og Susanne M. Arthur fulltrúar stofnunarinnar.

### *Bænaþók*

Útgáfa á íslenskum bænum fram um 1600 þokaðist áfram á árinu. Verkefnisstjóri fór til Oxford og Edinborgar á útmánuðum til þess að skoða bænaþókahandrit á söfnum í þessum borgum og fékkst ferðastyrkur frá Hagþenki til þeirrar ferðar. Einnig heimsótti hann Árnasafn í Kaupmannahöfn í desember sömu erinda. Textar stakra bæna úr miðaldahandritum hafa verið yfirfarnir og eru textar útgáfunnar farnir að nálgast útgáfustig. Inngangur hefur verið lagfærður og má sömu leiðis heita langt kominn til útgáfu. Verkefnisstjóri er Svavar Sigmundsson.

### *Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar*

Unnið er að fimmta bindinu í heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar og að almenningsútgáfu á verkum Hallgríms sem stofnunin mun gefa út í samvinnu við JPV. Sumarið 2013 vann Ásthildur Helen Gestsdóttir í þrjú mánuði að útgáfunni. Um útgáfuna sér Margrét Eggertsdóttir.



Undirbúningur að finnsku sem sjötta markmáli ISLEX. Halldóra Jónsdóttir leiðbeinir Hönnu Ampula og Helgu Hilmisdóttur frá Helsinki.

## ISLEX

Í ársbyrjun 2013 hófst vinna við sjötta markmál ISLEX, finnsku. Þá kom fimm manna hópur á vegum Helsinki-háskóla og sat námskeið um orðabókarvinnuna. Í lok árs var búið að þýða um fjórðung orðaforðans í ISLEX á finnsku. Færeyska markmálið var einnig í vinnslu og í árslok var búið að þýða um helming orðaforðans á færeysku. Tveir ritstjórnarfundir vegna ISLEX voru haldnir á árinu. Sá fyrri var í Þórshöfn í Færeyjum með færeysku ritstjórninni og sá síðari í Reykjavík með ritstjórnnum frá Finnlandi og Færeyjum.

**Íslensk-frönsk orðabók.** Drög voru lögð að undirbúningsverkefni um íslensk-franska orðabók sem verður fjármagnað af franska þjóðþinginu fyrir milligöngu sendiráðs Frakklands á Íslandi og unnið í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Það hefur hlotið vinnuheimild Lexía og verður að mestu leyti unnið fyrri hluta árs 2014.

**Íslensk orðabók.** Byrjað var á nýju verkefni sem sprottið hefur af gögnum sem eru í ISLEX. Um er að ræða nýja íslenska eins máls orðabók og er ráðgert að eiga samstarf við Forlagið hf. um útgáfu hennar. Verkefnið fékk vinnuheimild Kata.

Verkefnisstjóri ISLEX og afleiddra orðabókarverkefna er Halldóra Jónsdóttir. Ritstjóri er Þórdís Úlfarsdóttir.

## Íslenskt orðanet

Íslenskt orðanet er orðabókarleg lýsing á íslenskum orðaforða þar sem margvísleg vensl orða og orðasambanda eru í brennidepli. Efniviðurinn er að stofni til sóttur til *Stóru orðabókarinnar um íslenska málnotkun* og til gagnasafna sem á sínum tíma urðu til á Orðabók Háskólans, auk þess sem leitað er fanga í tölvutækum textasöfnum. Á árinu 2013 var lokið við yfirferð og samræmingu á flokkun samheita. Efnisöflun úr textasöfnum beindist sérstaklega að hliðskipuðum sam-

böndum en greining þeirra gegnir mikilvægu hlutverki við mat á merkingarlegum skyldleika meðal orða og orðasambanda. Í því sambandi var efnis í auknum mæli aflað úr Markaðri íslenskri málheild þar sem málfræðileg mörkun gefur kost á markvissri leit. Auk þess var hafist handa við heildaryfirferð á hugtakaflokkuninni en alls nær flokkunin til um 5.000 hugtakaheita. Afrakstur þessa kemur fram á vefsíðunni [www.ordanet.is](http://www.ordanet.is) með nýju efni og endurbættri greiningu. Á vefsíðunni er að finna rösklega 150.000 einyrtar og fleiryrtar flettur með margvíslegum leitarmöguleikum þar sem merkingarflokkunin birtist í samhengi við málfræðileg einkenni flettnanna. Umsjón með orðanetinu hafa Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir, forritari er Ragnar Hafstað.

## Kvæðabók Ólafs Jónssonar á Söndum: Greining, samhengi, dreifing

Séra Ólafur Jónsson á Söndum (1560-1627) var afkastamikil skáld og er kvæðabók hans varðveitt í fjölda handrita. Í mörgum þeirra er einnig að finna nótur og hafa lög varðveist við alls um 50 kvæði hans. Markmið verkefnisins er heildarúttekt á kvæðabókinni, bókmenntalegu og músikölsku samhengi hennar og dreifingu kvæða og laga í handritum á 17. og 18. öld. Sérstaklega er leitast við að skoða innbyrðis tengsl handritanna, landfræðilega dreifingu þeirra og hvort lögin fylgdu textunum milli handrita eða voru skrifuð upp eftir minni í hvert sinn. Verkefnisstjóri er Árni Heimir Ingólfsson. Aðrir starfsmenn eru Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Ingibjörg Eypórsdóttir, Johnny F. Lindholm, Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.

## Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd

Markmið verkefnisins er að rannsaka vesturíslensku og þróun hennar og bera hana saman við þróun íslensku á Íslandi frá 19. öld til dagsins í dag. Í þessu sambandi er m.a. skoðað hvaða hlutverki tungumálið hefur gegnt í því að þróa og viðhalda menningarlegri sjálfsmynd Vestur-Íslendinga. Félagsleg og menningarleg staða íslensku á Íslandi er allt önnur en sú sem vesturíslenska hefur búið við og með því að bera saman þróun þessara tveggja málafræðilega er stefnt að því að öðlast aukinn skilning á því hvaða hlutverki málfræðilegir þættir annars vegar og félagslegir og menningarlegir þættir hins vegar gegna í málbreytingum. Verkefnið á þannig að varpa nýju ljósi á eðli málbreytinga almennt og á eðli máltileinkunar eða máltöku í tvítýngdu (eða fleirtýngdu) samfélagi jafnframt



*Hópurinn sem stendur að verkefninu Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: Heimir Freyr van der Feest-Viðarsson, Wim Vandenbussche, Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Þórhallsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Bernharðsson og Jóhannes B. Sigtryggsson; á myndina vantar Veturlíða Óskarsson.*

Því að auka skilning á samspili máls og menningar. Höskuldur Þráinsson og Birna Arnbjörnsdóttir á Hugvísindasviði Háskóla Íslands eru verkefnisstjórar en fulltrúar stofnunarinnar eru Ásta Svavarsdóttir og Úlfar Bragason.

### *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals*

Markmið verkefnisins er einkum að skoða samspil málþróunar og málsamfélags og hvernig tilurð opinbers málstaðals mótast af þeim viðhorfum sem uppi eru í samfélaginu. Áhersla er lögð á að skoða máltilbrigði og dreifingu þeirra með tilliti til málfræðilegra og málfélagslegra þátta í ljósi vaxandi málstöðlunar á tímabilinu. Rannsóknarhópurinn, sem stendur að verkefninu, er skipaður málfræðingum við stofnunina, Háskóla Íslands, Uppsala-háskóla og Vrije Universiteit Brussel. Heimir Freyr van der Feest-Viðarsson vinnur að doktorsritgerð um setningafræðileg tilbrigði innan vébanda verkefnisins og Atli Jóhannsson vinnur að MA-ritgerð um málstöðlun eins og hún birtist í skólamálfraði og kennslubókum. Auk þess vann hópur stúdenta við úrvinnslu og frágang gagna og aðstoð við rannsóknir sumarið 2013: Elías Ingi Björgvinsson, Guðrún Línberg Guðjónsdóttir, Helga Jónsdóttir, Kristján Friðbjörn Sigurðsson og Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir. Á árinu var komið upp sérstakri vefsíðu um rannsóknina ([www.arnastofnun.is/page/LCLV19](http://www.arnastofnun.is/page/LCLV19)) með margvíslegum upplýsingum um viðfangsefni og framvindu verkefnisins. Einnig voru skipulagðar málstofur í tengslum við verkefnið á Hugvísindapingi í mars og á 25. norrænu málvísindaráðstefnunni sem haldin var í Háskóla Íslands í maí.

Verkefnið naut styrks úr Rannsóknarsjóði annað árið í röð og einstakir verkþættir hafa verið styrktir af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, Málvísindastofnun og átaksverkefni Vinnu-

málastofnunar auk þess sem Sáttmálasjóður, Hagþenkir og Starfsmenntunarsjóður BHM hafa veitt ferðastyrki. Verkefnisstjóri er Ásta Svavarsdóttir en auk hennar eru Jóhannes B. Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson fulltrúar stofnunarinnar.

### *Málfarsbankinn*

Í Málfarsbankanum er hægt að slá inn leitarorð sem lúta að málnotkun og finna úrlausnir sem teknar hafa verið saman. Alls er þar að finna um 8.000 flettugreinar (málfarsábendingar og úrlausnir). Ritstjóri er Jóhannes B. Sigtryggsson.

### *Málhugmyndafræði, málsnið og miðlar*

Rannsóknarverkefnið Málhugmyndafræði, málsnið og miðlar (2009–2013) sneri annars vegar að viðhorfum til málnotkunar í talmiðlum, prentmáli og samfélagsmiðlum og hins vegar að þeim áhrifum sem samfélagsbreytingar á síðnútíma, m.a. varðandi notkun gamalla og nýrra miðla, hafa á forsendur, aðferðir og áhrif málstýringar sem miðar að verndun og stöðlun þjóðtungna, einkum íslensku. M.a. var hugað að því hvort hugmyndir 19.–20. aldar um þjóðtungur og stöðlun þeirra eru á undanhaldi og hvort megi sjá merki um afstöðlun eða umstöðlun þjóðtungnanna. Hluti rannsóknarinnar naut styrks úr Rannsóknarsjóði HÍ 2011. Skrá um birtar greinar og bókarkafla um rannsóknina er að finna á vefsíðu stofnunarinnar. Verkefnisstjóri er Ari Páll Kristinsson.

### *Prentsmiðja fólksins*

Verkefnið er samstarf Reykjavíkurakademiunnar, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Den arnamagnænske samling í Kaupmannahöfn og styrkt af Rannsóknarsjóði Rannís. Verkefnisstjóri er Matthew Driscoll. Þórunn

Sigurðardóttir hlaut á árinu fjögurra mánaða laun til þess að ljúka doktorsritgerðinni *Heiður og huggun*. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld. Aðrir þátttakendur af hálfu Árnastofnunar eru Margrét Eggertsdóttir, Katelin Parsons og Ludger Zeevaert.

### *Staða tungumála í háskólakennslu og rannsóknum*

Rannsóknarverkefnið *Staða tungumála í háskólakennslu og rannsóknum* (2011-2013) laut m.a. að því hvernig íslensk málhugmyndafræði birtist í orðræðu, stefnumótun og framkvæmd að því er varðar val á tungumáli kennslu og rannsókna á háskólastigi á Íslandi. Ari Páll Kristinsson var í stjórn norræna rannsóknarnetsins Netværk for parallelsproglige mål på Nordens internationaliserede universiteter sem naut styrks úr Nordplus-áætluninni 2011-2013. Lokaráðstefna verkefnisins var haldin 3. maí í Kaupmannahöfn undir yfirskriftinni *Parallelsproglighed og internationalisering på nordiske universiteter – dyrt men dejligt!* Útgáfur um verkefnið eru væntanlegar 2014. Fulltrúi stofnunarinnar er Ari Páll Kristinsson og með honum unnu að verkefninu Ástráður Eysteinnsson prófessor og Haraldur Bernharðsson dósent.

### *Stafsetningarmál á 19. öld*

Unnið er að útgáfu texta sem fjalla um „Fjölnisstafsetninguna“ sem svo er stundum kölluð og boðuð var í löngu máli í öðrum árgangi *Fjölnis* (1836). Um þessa stafsetningu urðu nokkrar umræður og hún mætti andstöðu og gagnrýni en ýtarlegust er sú sem Sveinbjörn Egilsson samdi í tveimur hlutum en birti aldrei. Þessir textar verða gefnir út og skýrðir eftir föngum og afdrif stafsetningar Fjölnismanna rakin. Umsjónarmaður verksins er Gunnlaugur Ingólfsson.

### *Stafsetningarorðabókin*

Rafræn gerð *Stafsetningarorðabókarinnar* (1. útgáfu) er í opnum og ókeypis aðgangi á Snöru.is. Eldri vinnslugrunnur orðabókarinnar hefur reynt úrelt og ófullkominn. Unnið er að 2. útgáfu *Stafsetningarorðabókarinnar*. Jóhannes B. Sigtryggsson er ritstjóri. Steinþór Steingrímsson vinnur með Jóhannesi að gerð nýs vinnslugrunns. Jafnframt vinnu að 2. útgáfu starfar Jóhannes með Íslenskri málnefnd að endurskoðun íslenskra ritreglna en innihald, tímasetning og umfang þeirrar endurskoðunar hefur aftur áhrif á endurskoðun bókarinnar.

### *Tungumálaheiti*

Unnið var við gerð leiðbeinandi skrár um tungumálaheiti. Lokið var við að lykla saman þjóðtungur og þjóðríki. Bætt var í skrána hefðbundnum og staðbundnum minnihlutamállum og óopinberum málum sem notuð eru í Evrópulöndum. Verkefnisstjóri er Ari Páll Kristinsson.

### *Undirbúningur útgáfu Sturlunga sögu*

Unnið er að athugun á öllum handritum sögunnar og uppskrift texta. Um leið er unnið að ritun inngangs og skýringa. Um verkið sér Guðrún Ása Grímsdóttir.

### *Útgáfur ársins*

#### *Íslenska teiknibókin*

*Íslenska teiknibókin* eftir Guðbjörgu Kristjánsdóttur, forstöðumann Gerðarsafns, kom út á árinu. Ritstjóri hennar var Soffía Guðný Guðmundsdóttir en útgefandi er bókaútgáfan Crymogea í samstarfi við stofnunina.

#### *Jurískt sprog i Norden*

Rafræna ráðstefnuritíð *Jurískt sprog i Norden. Rapport fra en nordisk konference om klarsprog Reykjavik 11.-12. oktober 2011* kom út. Útgefandi er Nordisk Sprogkoordination. Bókin er gefin út í framhaldi af norrænni ráðstefnu um skýrt mál í stjórnsýslu í Reykjavík í október 2011 sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skipulagði í samvinnu við Nordisk Sprogkoordination og norrænan vinnuhóp um málskýrð. Í ritinu eru átta greinar auk efnisútdráttar erinda og veggspjalda á ráðstefnunni. Ritstjórar voru Ari Páll Kristinsson og Jóhannes B. Sigtryggsson.



### *66 handrit úr fórum Árna Magnússonar*

Í ritinu er handritum og einstökum myndum lýst í stuttu máli, eitt handrit fyrir hvert ár sem Árni Magnússon lifði. Bókaútgáfan Opna gaf bókina út á 350 ára fæðingarsafmæli Árna í samstarfi við stofnunina og Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn. Svanhildur Óskarsdóttir sá um útgáfuna.

Guðrún Kvaran með  
nýtkomið ritgerðasafn sitt.

### Orðasafn í líffærafræði. I. Stoðkerfi

Gengið var frá til útgáfu *Orðasafni í líffærafræði. I. Stoðkerfi*. Þetta er þriðja ritið í ritröðinni Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í orðasafninu eru íslensk, ensk og latnesk heiti um stoðkerfi líkamans, þ.e. bein, liðamót og vöðva, og íslenskar skilgreiningar eða lýsingar allra hugtaka. Ritstjóri orðasafnsins er Jóhann Heiðar Jóhannsson og í ritstjórn með honum voru Hannes Petersen og Ágústa Þorbergsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir annaðist jafnframt umbrot, setningu og hönnun ritsins. Orðasafnið er einnig á heimasíðu Íðorðabankans sem pdf-skjal.

### Gripla 24

Tuttugasta og fjórða hefti *Griplu* kom út skömmu fyrir jól. Í þessu hefti eru níu fræðigreinar auk samtínings: grein um alþjóðlegt samhengi dróttkvæða, heimildir fyrir norrænum hómilíum, dæmisögur ásamt skýringum, skaddað blað í Möðruvallabók skoðað í nýju ljósi, forvitnileg bréfaskipti Grunnavíkur-Jóns og Eggerts skálds Ólafssonar gefin út ásamt skýringum, á jaðrinum í Hrafnistumannasögum, Grýlukvæði úr Sléttuhlíð gefið út með ítarlegri skýringarsögu, gerð er grein fyrir fræðamhverfi alþýðufræðimannsins Gunnlaugs Jónssonar frá Skuggabjörgum og smágrein um stakorð í Flat-eyjarbók. Gripla er alþjóðlegt, ritrýnt tímarit á sviði norrænna fræða fyrir alda. Ritstjórar voru Jóhanna Katrín Friðriksdóttir og Viðar Pálsson.

### Orð og tunga 15

Fimmtánda hefti *Orðs og tungu* kom út snemma árs. Þemað að þessu sinni er „Íslenska sem viðfangsmál í íslensk-erlendum orðabókum. Sjónarmið og aðferðir við öflun, val og framsetningu efnisins“ og birtast fjórar greinar undir þeirri yfirskrift, þrjár þeirra byggðar á fyrirlesturum á málþingi um sama efni sem haldið var vorið 2011. Auk þess eru í heftinu þrjár greinar um önnur efni, ein um orðabókastörf Konráðs Gíslasonar og tvær um litarorð í íslensku, auk ritdóms og ritfregna. Ritstjóri tímaritsins er Ásta Svavarsdóttir.

### Leiftur á horfinni á öld

*Leiftur á horfinni öld* eftir Gísla Sigurðsson kom út á árinu. Í ritinu er fengist við einfalda en margræða spurningu: Hvað er merkilegt við íslenskar fornþókmenntir? Útgefandi er Mál og menning.



### Glíman við orðin

*Glíman við orðin* er safn ritgerða eftir Guðrúnu Kvaran sem gefið var út í tilefni þess að hún lét af störfum fyrir aldurs sakir á síðastliðnu sumri. Í bókinni eru nitján greinar sem sýna fjölbreytt viðfangsefni höfundar. Þar er að finna greinar um orðfræði, orðsifjar, nafnfræði og bibliópýðingar. Að bókarlokum er ritaskrá Guðrúnar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur bókina út. Í ritnefnd voru Gunnlaugur Ingólfsson, Jóhannes B. Sigtryggsson og Þóra Björk Hjartardóttir.

### Ævisögur ypparlegra merkismanna

*Ævisögur ypparlegra merkismanna* eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík er heildarútgáfa á ævisögum sex merkismanna en þeir eru: Árni Magnússon prófessor í Kaupmannahöfn, Jón Magnússon, bróðir Árna, Páll Víðalín lögmaður í Viðaldalstungu, Oddur Sigurðsson lögmaður, Skúli Magnússon landfógeti (brot) og loks er sjálfævisaga og ritaskrá bókarhöfundar. Hér er og örsaga eftir hann, hárbeytt ádeila á danska Íslandskaupmenn. Bókin er gefin út af Góðvinum Grunnavíkur-Jóns en Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfuna og samdi nafnaskrá, textaskýringar og inngang um tilurð og varðveislu ævisagnanna.



## SAMSTARF INNANLANDS

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
leggur ríka áherslu á virkt samstarf og góð tengsl við  
heimildarmenn og aðra landsmenn, fyrirtæki og stofnanir.

### Dagur íslenskrar tungu

Ari Páll Kristinsson og Hjördís Erna Sigurðardóttir skipulögðu hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis í Þjóðmenningarhúsinu á degi íslenskrar tungu og afhendingu verðlauna og viðurkenninga, ásamt kynningu á hátíðisdeginum á vef og í fjölmiðlum o.fl. Verkefnið var unnið að beiðni og í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

### Málnefnd um íslenskt táknmál

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál. Ari Páll Kristinsson er varaformaður málnefndarinnar. Dagleg umsjón starfseminnar fer fram í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Formaður nefndarinnar er Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvarinnar.

### Íslensk málnefnd

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Af hálfu stofnunarinnar er Jóhannes B. Sigtryggsson samverkamaður og ritari Íslenskrar málnefndar með málfrelsi og

*Dagur íslenska táknaáráttarinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 11. febrúar 2013. Haldið var upp á daginn víða, m.a. á leikskólanum Sólborg.*

tillögur á fundum hennar. Hann annast skrifstofuþjónustu við málnefndina og sér um vefsíðu hennar. Undirbúningur og framkvæmd norræna málnefndarþingsins á Íslandi í ágúst var eitt víðamesta verkefnið 2013. Formaður nefndarinnar er Guðrún Kvaran.

## Landmælingar Íslands

Einn meginsamstarfsaðili nafnfræðisviðs eru Landmælingar Íslands. Reglubundið samráð er milli stofnananna um örnefni á kortum. Afrakstur samvinnunnar er m.a. að finna í Örnefnasjá Landmælinga á netinu (<http://atlas.lmi.is/ornefnasja/>).

## Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Gagnagrunnurinn [www.handrit.is](http://www.handrit.is) er samstarfsverkefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn. Þessir þrjú aðilar starfa einnig saman að alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum.

## Máltæknisetur

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hlutverk setursins er að vera miðstöð íslenskrar máltækni með því m.a. að eiga frumkvæði að og taka þátt í rannsóknum og hagnýtum verkefnum á því sviði, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um máltækni og standa fyrir ráðstefnum auk þess að reka vefsíðu þar sem miðlað er upplýsingum um íslenska máltækni. Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn setursins er Sigrún Helgadóttir.

## Orðanefndir

Innlent samstarf í iðorðamálum felst í aðstoð við orðanefndir og aðra höfunda sérhæfðra orðasafna, rekstri Íðorðabanka Árnastofnunar og hvatningu og stuðningi við gerð nýrra iðorðasafna og aðstoð við rafræna og prentaða útgáfu iðorðasafna.

Formaður orðanefndar læknafélaganna, Jóhann Heiðar Jóhannsson, hafði fasta vinnuáðstöðu á málræktarsviði þar sem hann vann í hlutastarfi við endurbætur á iðorðasafni lækna. Ragnheiður M. Kristjónsdóttir hafði einnig fasta vinnuáðstöðu á sviðinu og vann að iðorðasafni í byggingarverk-

fræði. Ágústa Þorbergsdóttir átti á árinu samstarf við ýmsar fleiri orðanefndir, t.a.m. orðanefnd í atferlisfræði, orðanefnd í menntunarfræðum og orðanefnd arkitekta, og við aðra sérfræðinga og iðorðasafnahöfunda.

## Rannsóknarstofa í máltileinkun

Hugvísindastofnun samþykkti reglur um Rannsóknarstofu í máltileinkun (RÍM) á vormisseri 2010. Markmiðin með henni eru að: 1) efla þverfaglegt rannsóknar- og þróunarsamstarf, innlent og alþjóðlegt, á sviði annarsmálsfræða, 2) koma á fót gagnagrunni um tileinkun máls og menningar og safna upplýsingum um slík rannsóknargögn, 3) miðla þekkingu á annarsmálsfræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu nettímarits, 4) stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á aðild að rannsóknarstofunni og situr Úlfar Bragason í stjórn hennar. Stofan gekkst fyrir málstofu á Hugvísindarþingi 2013.

## Rannsóknarstofa í tónlistarfræðum

Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum er Rósa Þorsteinsdóttir. Rósa tók þátt í að skipuleggja og stjórna ráðstefnunni Hvar er tónlistararfurinn? sem haldin var á vegum rannsóknarstofunnar í samstarfi við stofnunina og Háskólann á Bifröst 18. janúar.

## Stjórn Snorrastofu

Úlfar Bragason er fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, samkvæmt tilnefningu stofnunarinnar, í stjórn Snorrastofu í Reykholti og Margrét Eggertsdóttir er varamaður hans. Úlfar er ritari stjórnarinnar. Stjórnarnefndin hélt þrjú fundi á árinu.

## Örnefnanefnd

Stofnunin sér um skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd. Á árinu 2013 bárust nefndinni 22 beiðnir um ný nöfn á bylum. Örnefnanefnd samþykkti 17 nöfn en hafnaði fimm, einkum vegna öryggissjónarmiða. Þá heimilaði nefndin nafnbreytingu á einu lögbýli. Af hálfu stofnunarinnar situr Hallgrímur J. Ámundason í Örnefnanefnd. Formaður nefndarinnar er Þórunn Sigurðardóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir er skipuð af hálfu umhverfisráðuneytis. Margrét Jónsdóttir er tilnefnd sem áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar.



## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Starfsmenn stofnunarinnar eru í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Akademískir starfsmenn eru í miklu rannsóknarsamstarfi við erlenda fræðimenn, kenna við erlenda háskóla og einnig eru þeir iðulega fulltrúar Íslands í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi stofnunarinnar, svo sem í norrænu tungumálasamstarfi.

### Alþjóðleg rannsóknarstofnun

Stofnunin er ein meginstofnana á sviði íslenskra fræða í heiminum og laðar því að sér erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir í íslenskum fræðum. Í gögnum hennar býr sérstaða stofnunarinnar á alþjóðlega vísu; þar er geymdur einstakur efniviður til rannsókna. Bókasafnið hefur eflst mjög á undanförunum árum. Ásamt gagnasöfnum stofnunarinnar dregur það að sér vísindamenn og stúdenta. Á árinu nutu um 60 erlendir gestir rannsóknaraðstöðu á Árnastofnun um lengri eða skemmri tíma, auk þess sem erlendir stúdentar nutu rannsóknaraðstöðu og leiðsagnar starfsmanna.

Gestir í fræðimannsbúð í Hvassaleiti voru: Astrid Ogiilvie frá Noregi, Gaetano frá Ítalíu, Randi Benedikte Brodersen frá Danmörku, Richard Perkins frá Englandi, Bjarni Simmelkjær Sandgaard Hansen frá Danmörku og Christopher Patrick Callow frá Englandi.

Gestir í fræðimannsbúð í Þingholtsstræti voru: Gary Laverty frá Frakklandi, Jiri Vnoucek frá Danmörku, Einar Már Jónsson frá Frakklandi, Mori Nobuyoshi frá Japan, Randi Benedikte Brodersen frá Danmörku, Einar Korpus frá Svíþjóð, Mátyás Dunajcsik frá Ungverjalandi og Nicole Dehé frá Þýskalandi.

### European Network of e-Lexicography (ENeL) – COST

Markmið áætlunarinnar, sem er á vegum Evrópusambandsins, er að koma á samstarfi milli evrópskra orðabókafræðinga um rafrænar orðabækur og samevrópska orðabókagátt. Um er að ræða fjögurra ára verkefni og var fyrsti fundurinn haldinn í Brussel 11.–12. október. Fulltrúar stofnunarinnar eru Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir.

### Gagnabankar á alþjóðasviði

Á alþjóðasviði er haldið utan um upplýsingar um fræðimenn í íslenskum fræðum. Í gagnabankann eru skráðir um sjö hundruð fræðimenn víða í heiminum ([www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_al\\_fraedimannaskra](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_al_fraedimannaskra)). Þar er einnig haldið utan um gagnabanka um erlenda háskóla þar sem kennd er íslenska, bæði forn málið og nútímamál. Þar eru aðgengilegar upplýsingar um 80 háskóla sem kenna forníslensku og 43



skóla sem kenna nútímaíslensku ([www.arnastofnun.is/page/gagnasofn\\_íslenska\\_erlendis](http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_íslenska_erlendis)). Rósa Sveinsdóttir sér um að uppfæra upplýsingar í gagnabankana.

## Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna íðorðastofnana, og tekur þátt í norrænu fjarkennsluverkefni í íðorðastræði (TERMDIST). Einnig á hún aðild að alþjóðlegu íðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT. Fulltrúi stofnunarinnar er Ágústa Þorbergsdóttir.

## Stúdentastyrkir mennta- og menningarmálaráðuneytis

Frá hausti 2010 annast Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum umsýslu styrkja mennta- og menningarmálaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands. Alls bárust 97 gildar umsóknir um styrki fyrir árið 2013–2014, þar af fimm um framhaldsstyrk. Átján nemendur hlutu styrk til náms í íslensku sem öðru máli, þar af fengu þrjú framhaldsstyrk.

## Kveðskapur tíu íslenskra kvæðamanna

Verið er að undirbúa útgáfu á kveðskapur tíu íslenskra kvæðamanna í upptökum sem Hallfreður Örn Eiríksson og Svend Nielsen við Dansk folkemindesamling hljóðrituðu á sjöunda áratug síðustu aldar. Rósa Þorsteinsdóttir vinnur verkið með Svend Nielsen.

## Málrækt

Stofnunin á samvinnu við norrænar systurstofnanir á sviði málræktar. Norrænt málnefndaping var haldið á Akureyri í ágúst. Meginefni málnefndapingsins var Framtíð norrænna mála í tölvu- og upplýsingatækni (De nordiske sprogs fremtid inden for informationsteknologien). Jóhannes B. Sigtryggsson er norrænn ritari í þessu samstarfsneti og skipulagði þingið ásamt Íslenskri málnefnd. Jóhannes er jafnframt fulltrúi stofnunarinnar í ritstjórn tímaritsins Sprog i Norden.

Ari Páll Kristinsson og Jóhannes B. Sigtryggsson eru fulltrúar stofnunarinnar í norrænum vinnuhópi um málskýrð. Ari Páll og Jóhannes sóttu norrænu málskýrðarráðstefnuna í Helsinki 21.–22. nóvember en hún fjallaði um málnotkun í textum stjórnvalda frá sjónarhóli hins almenna borgara.

## Medioevo Europeo – COST-áætlun á vegum Evrópusambandsins

Áætluninni er ætlað að stuðla að samvinnu og samræmingu rafrænna gagnasafna á sviði miðaldafræða. Fulltrúi stofnunarinnar er Svanhildur Óskarsdóttir.

## MENOTA – Medieval Nordic Text Archive

Stofnunin á aðild að textabankanum og situr Haraldur Bernharðsson í stjórn hans fyrir hennar hönd.

## META-NORD og META-NET

META-NORD og META-NET fela í sér norrænt og evrópskt samstarf á sviði máltækni. Markmið þess er að skapa tækni- og forsendur fyrir margmála upplýsingasamfélagi í Evrópu þar sem allir geta notað eigið móðurmál við öflun og úrvinnslu upplýsinga. META-NORD fól m.a. í sér að safna tiltækum málköngum, skrá þau og gera þau aðgengileg. Því verkefni lauk snemma árs 2013 og afraksturinn birtist m.a. á vefsetrinu <http://málföng.is>. Stofnunin á aðild að samstarfinu í gegnum Máltækni- og Sigrún Helgadóttir hefur tekið þátt í því fyrir hönd stofnunarinnar.

## Nafnfræði

Nafnfræðisvið er í nánu sambandi við Norrænu nafnfræðisamtökin, NORNA ([www.norna.org](http://www.norna.org)). Samtökin standa að ýmiss konar funda- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu og fræðilegs samstarfs. Hallgrímur J. Ámundason situr í stjórn samtakanna fyrir hönd Íslands og Guðrún Kvaran er varamaður. Stjórnin fundar að jafnaði tvisvar á ári í einhverju norrænu landanna þar sem útgáfur, ráðstefnur, fundir og þing eru skipulögð.

## NordHymn – Nordisk institut för hymnologi

Margrét Eggertsdóttir er varamaður í stjórn NordHymn.

## Nordkursnefnd

Norræn nefnd, sem starfar með stuðningi Norrænu ráðherra- nefndarinnar og skipuleggur sumarnámskeið í Norðurlandamálum og -bókmenntum fyrir norræna háskólanema, hélt ársfund sinn í Stokkhólmi 20.–21. september. Úlfar Bragason og

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sátu fundinn. Úlfar Bragason var formaður nefndarinnar á árunum 2011–2013 en Háskóli Íslands annaðist fjármál hennar.

## Norrænt félag um orðabókagerð

*Nordisk forening for leksikografi* er helsti samstarfsvettvangur orðabókafraeðinga á Norðurlöndum. Félagið stendur fyrir ráðstefnum annað hvert ár, síðast í Osló í ágúst 2013. Jafnframt gefur félagið út tímaritið *LexicoNordica* og heldur í tengslum við það árlegt málþing um tiltekið þema. Málþingið 2013 fjallaði um samband málvísinda og orðabókafraeði og var haldið í Kaupmannahöfn. Þórdís Úlfarsdóttir tók sæti í stjórn félagsins á árinu 2013.

## Norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum

Gísli Sigurðsson er fulltrúi stofnunarinnar í stjórn norræns meistaranáms í víkinga- og miðaldafræðum (*oldnorse.is*) við Háskóla Íslands.

## Íslenskukennsla erlendis – lektorafundur

Fertugasti fundur íslenskukennara erlendis var haldinn við háskólann í Caen í Frakklandi 31. maí – 1. júní. Stofnunin skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana. Fundinn sóttu þrettán kennarar sem gegndu störfum á vormisseri 2013, auk Úlfars Bragasonar. Hanna Steinunn Þorleifsdóttir stjórnaði fundi.

Fyrri dag fundarins var fjallað um menningarkynningu erlendis og kennslu í íslensku sem öðru máli. Jérôme Rémy, listrænn stjórnandi Boréales-hátíðarinnar, kynnti hátíðina. Þórunn Erlu Valdímarsdóttir rithöfundur flutti erindi um sambýli skáldskapar og sagnfraeði sem hún kallaði „Af landmæraerjum Clio og bókmenntagýðjunnar“. Síðari dag fundarins var rætt um íslenskukennslu erlendis og kennarar gerðu grein fyrir skýrslum um störf sín skólaárið 2012–2013. Af þeim sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Ár hvert sækja á annað þúsund nemandámskeið í íslensku við háskóla erlendis.

Í tengslum við fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis. Fundurinn samþykkti ályktun um íslenskukennslu við erlenda háskóla sem send var mennta- og menningarmálaráðherra.

## Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Árið 2013 voru fimmtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Flestir kennararnir sinntu kennslunni í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, fjórir í Þýskalandi, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína.

Sérstakir samningar voru í gildi um framlög til íslenskukennslu við Humboldt-háskóla í Berlín og Manitoba-háskóla í Winnipeg.

Annars staðar byggjast framlög á bréflugu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir kennarastólar fá nokkurn bókastyrk árlega.

Stundakennsla í íslensku við Cambridge-háskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2012–2013. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Waseda-háskóla styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

## Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Samráðsnefndin fjallar um umsóknir um kennarastöður erlendis og er stofnuninni til ráðgjafar í málefnum íslenskukennslu við erlenda háskóla. Úlfar Bragason á sæti í samráðsnefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskólans, Bergljótu Kristjánsdóttur prófessor og Þóru Björk Hjartardóttur dósent.

## Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Nefndin starfar á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og fær fjárveitingu þaðan. Stofnunin á aðild að nefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005 samkvæmt samningi þar að lútandi. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans.

Nefndin hefur úthlutað styrkjum til samstarfsverkefna, einkum til kynningar á menningu Norðurlanda annars staðar í Evrópu, og gengist fyrir kennarabingum í Evrópu. Samstarfsnefndin hefur auk þess leitast við að efla Norðurlandafræði í Norður-Ameríku og í Asíu. Árið 2013 lét nefndin gera úttekt á kennsluefni í Norðurlandamálum á netinu og kom með tillögur til að efla gerð slíks efnis. Þá hélt nefndin ráðstefnu í Helsinki dagana 7.–9. nóvember fyrir kennara í Norðurlandafræðum við háskóla á Norðurlöndum sem starfa utan upp- runalands síns.

Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að nefndin starfi ekki lengur á sínum vettvangi. Hins vegar hefur verið samþykkt að hún starfi áfram sem umræðu- og samstarfsvettvangur norrænu landanna fimm um málefni sendikennslu.

Upplýsingar um starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu hennar ([www.samarbetsnamnden.org](http://www.samarbetsnamnden.org)).

## Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjá mánuði hið minnsta í því skyni að kynnast sem best íslenski tungu, menningu og mannlífi. Miðast þeir að öðru jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá Íslandi og dvalarkostnaði innanlands. Auk Úlfars Bragasonar eiga sæti í úthlutunarnefndinni Pétur Gunnarsson rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Ásdís Egilsdóttir dósent, fulltrúi Bókmenntafræðistofnunar Háskólans. Á árinu 2013 nutu þriggja mánaða styrkja hvert: dr. Christopher Patrick Callow, lektor í miðaldasögu, Birmingham-háskóla á Englandi, til að skrifa bók um víkingaferðir, landnám og þjóðfélög norrænna manna á miðöldum; dr. Nicole Dehé, prófessor við háskólann í Konstanz í Þýskalandi, til að vinna að rannsóknum á hljóðfalli og áherslum í íslensku máli; Mátyás Dunajcsik, rithöfundur, þýðandi og bókmenntaritstjóri í Búdapest í Ungverjalandi, til að kynna sér íslenska bókaútgáfu, miðla íslenskum samtímabókmenntum til Ungverja og stunda ritstörf.

## Þjóðfræði

Félag norrænna þjóðlagafraeðinga og -safna hefur nú fengið heitið Nordiskt forum för folkmusikforskning och -dokumentation / Nordic Forum for Folk Music Research and Documentation (NoFF). Rósa Þorsteinsdóttir er fulltrúi stofnunarinnar í félaginu og í þjóðfræðisamtökunum ISFNR og SIEF.



Fertugasti fundur íslenskukennara við háskóla erlendis var haldinn í Caen.



Átján erlendir stúdentar hlutu styrk til náms í íslensku við HÍ.



Þórdís Úlfarsdóttir leiðbeinir samstarfshópi frá Helsinki um orðabókarvinnu í ISLEX.



Íslenskunemar og kennarar við Háskólann í Peking taka á móti Jónínu Leósdóttur rithöfundu.



Á hverju hausti heimsækja nýnemar í íslensku við HÍ stofnunina og fá innsýn í fjölbreytt viðfangsefni hennar. Hér fráðir Sigurgeir Steingrímsson stúdenta um handritin.

## MIÐLUN OG KENNSLA

Stofnunin rækir þjónustuhlutverk sitt hvað varðar íslenska tungu og málrækt, örnefni og íslenskan menningararf, handritamenningu og þjóðfræði. Starfsmenn stofnunarinnar veita þjónustu og ráðgjöf, svara fyrirspurnum sem berast símleiðis, í tölvupósti eða um heimasíðu, halda fyrirlestra og sjá um námskeið heima og erlendis.

### Málfar

Málræktarsvið svarar u.þ.b. 1.500 fyrirspurnum um málfar árlega í síma og tölvupósti. Skriflegu spurningarnar berast eftir atvikum gegnum netföng einstakra starfsmanna, malfarsradgjof@hi.is eða www.arnastofnun.is.

Málræktarsvið heldur úti Málfarsbankanum á vef stofnunarinnar, ásamt fleiri vefsíðum með leiðbeiningum og ráðlegg-ingum, m.a. um stafsetningu, stafróf og stafrófsröð, beygingu,

ritreglur, umritunarreglur, ríkjaheiti og margt annað. Opinn og ókeypis aðgangur er að *Stafsetningarorðabókinni*.

### Handritasýning

Sýning á handritum er mikilvægur miðlunarvettvangur um íslenska bókmenningu. Handrit frá stofnuninni voru höfð til sýnis í Þjóðmenningarhúsi en voru tekin af sýningunni 31. ágúst. Í tilefni alþjóðlegrar ráðstefnu um handritin 10.–12. október var handritunum aftur komið fyrir á sýningunni laugardaginn 12. október og enn á ný 13.–17. nóvember vegna hátíðardagskrár á 350 ára fæðingarafmæli Árna Magnússonar handritasafnara.

Safnkennari stofnunarinnar, Svanhildur María Gunnarsdóttir, tók á móti fjölda nemenda á grunnskóla-, framhaldsskóla og háskólastigi og einnig allmörgum hópum danskra og norskra menntaskólanema. Gestir, sem sóttu sýningar Þjóðmenningarhússins, munu flestir hafa skoðað handritasýninguna.



Rósa Þorsteinsdóttir slær á létta strengi með nemum í meistaranámi í víkinga- og miðaldafræðum og segir frá munnlegri geymd og söfnun þjóðfræða.

## Kennsla við Háskóla Íslands

Ari Páll Kristinsson hélt fyrirlestra um málnotkun og fjölmiðla í námskeiðinu Málnotkun, um málstöðlun og hreintungustefnu í námskeiðinu Mál og samfélag og um íslenska málstefnu í námskeiðinu Íslensk menning. Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeiðið Íðorðfræði og sá um hluta af samnorrænu fjarnámi, Íðorðastjórnun (TERMDIST), hélt fyrirlestur í námskeiðinu Mál og kyn og í Málnotkun. Gísli Sigurðsson kenndi námskeið við þjóðfræðadeild HÍ, um munnlega hefð og fornsögur og kvæði, leiðbeindi stúdentum við BA-ritgerðir í þjóðfræði og lokaritgerðir í meistaranámi í þjóðfræði, og einum doktorsnema. Jóhannes B. Sigtryggsson og Svanhildur Óskarsdóttir kenndu námskeiðið Working with manuscripts. Rósa Þorsteinsdóttir kenndi námskeið við þjóðfræðadeild HÍ um söfnun þjóðfræða og hafði umsjón með og kenndi á námskeiði um íslensk þjóðlög. Hún hafði einnig umsjón með BA-ritgerð í þjóðfræði og tveimur MA-verkefnum í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir kynntu ISLEX-orðabókina á námskeiði um orðabókarfræði. Á haustmisseri var haldið málstofunámskeið fyrir framhaldsnema við Hugvísindasvið Háskóla Íslands sem var í beinum tengslum við verkefnið Málbreytingar og tilbrigði í íslensku

máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals. Guðrún Þórhallsdóttir hafði umsjón með námskeiðinu og komu allir meðlimir rannsóknarhópsins að kennslunni: Ásta Svavarsdóttir, Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson og Heimír Freyr van der Feest-Viðarsson doktorsnemi frá stofnuninni auk samstarfsfólks úr Háskóla Íslands, frá Uppsala-háskóla og Vrije Universiteit Brussel.

Á hverju hausti koma nemendur frá Háskóla Íslands í heimsókn á stofnunina. Fyrsta árs nemar í íslensku og í þjóðfræði, nemendur sem stunda norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum, nemendur í hagnýtri menningarmiðlun og nemar í skjalastjórnun komu í slíkar kynningarheimsóknir.

## Sumarskóli í handritafræðum

Dagana 14.–22. ágúst var tíundi alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum haldinn í Reykjavík. Að skólanum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í samvinnu við háskólana í Tübingen, Zürich, Cambridge og Leeds, auk Háskóla Íslands. Skólann sækja meistara- og doktorsnemar frá ýmsum löndum. Leiðbeinendur á skólanum af hálfu stofnunarinnar voru að þessu sinni Guðrún Nordal, Guðvarður



Viðar Pálsson aðstoðar nema í sumarskóla í handritafræðum.



Stúdentar í sumarskóla í íslensku sem öðru máli hlýða á samnemanda.

Már Gunnlaugsson, Emily Lethbridge, Jóhannes B. Sigtryggsson, Margrét Eggertsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Viðar Pálsson, Ludger Zeevaert og Þórunn Sigurðardóttir en Guðrún Þórhallsdóttir, Haraldur Bernharðsson, Már Jónsson og Þorgeir Sigurðsson doktorsnemi af hálfu HÍ. Svanhildur Óskarsdóttir var skólastjóri en Margrét Eggertsdóttir og Guðvarður Már Gunnlaugsson hópstjórar nemenda á 2. og 3. stigi skólans.

## Sumarskóli í íslensku

Sumarið 2013 voru skipulögð fjögur námskeið í íslensku sem öðru máli á stofnuninni í samstarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Kennarar voru Jón Símon Markússon, Solveig Brynja Grétarsdóttir, Reynir Þór Eggertsson, Sigríður Kristinsdóttir og Sigurborg Hilmarisdóttir. Elías Ingi Björgvinsson var ráðinn aðstoðarkennari með stuðningi Vinnumálastofnunar. Úlfar Bragason var námskeiðsstjóri en Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sá um skipulagninguna auk þess sem þau, og fleiri, fluttu fyrirlestra.

### Nordkurs

Stofnunin annaðist norrænt samarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands 3.–28. júní. Þátttakendur voru 29. Íslenskutímar voru 60 en auk þess sátu nemendur tíu fyrirlestra um menningu og sögu.

### Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku

Stofnunin gekkst fyrir sex vikna námskeiði í íslensku fyrir 14 stúdenta frá Norður-Ameríku í samvinnu við University of Minnesota, dagana 20. maí – 29. júní. Fór fyrri hluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík.

### Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 1.–26. júlí gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Alls var kennt í 80 stundir á námskeiðinu, 70 stundir íslenskt mál og 10 stundir saga og samfélag, bókmenntir og listir. Þátttakendur voru 44 frá 15 löndum og komust færri að en vildu. Einn þátttakandi frá Bandaríkjunum var heyrnarlaus og hafði Náms- og starfsráðgjöf HÍ milligöngu um að útvega ritmálmálka í tíma og táknumálmálka í ferðum og söfnum og var þessi góða þjónusta vel þegin.

### Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmennti af íslenskum ættum sem dvöldust sumarið 2013 hér á landi á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 10.–20. júní.



Auður Ava Ólafsdóttir flytur Sigurðar Nordals fyrirlestur á fæðingardegri hans.

## Icelandic Online

Síðan 2005 hefur verið skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið Icelandic Online 1 með góðum árangri. Þetta er nú einnig gert að skilyrði fyrir þátttöku í BA-námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands og hefur reynst vel. Nú eru um 125.000 skráðir notendur Icelandic Online. Notendurnir eru víða í heiminum. Slóðin er: [www.icelandiconline.is](http://www.icelandiconline.is). Hinn 10. desember var opnað til almennra afnota nýtt námskeið, Icelandic Online 5, og lýtur það einkum að mál- og bókmenntanámi fyrir þá sem hafa lokið við Icelandic Online 1–4.

## Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti Auður Ava Ólafsdóttir, rithöfundur, lektor og safnstjóri Listasafns Háskóla Íslands, opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn nefndist „Dvergjar og stríð“. Um 170 sóttu fyrirlesturinn.

## Málföng fyrir íslensku

Í tengslum við samstarfsverkefnið META-NORD, sem Mál-tæknisetur tók þátt í fyrir Íslands hönd, var sett upp vefsetrið <http://malfong.is/> þar sem nálgast má margvísleg málföng

sem nýtast í máltækniverkefnum, bæði gagnasöfn og töl. Öll málföngin á málfangasiðunni hafa einnig verið skráð í sameiginlegan evrópskan gagnabanka, [www.meta-share.eu](http://www.meta-share.eu). Þar er einnig aðgengileg skýrslan *Íslensk tunga á stafrænni öld* sem var skrifuð í tengslum við META-NORD-verkefnið. Umsjónarmaður vefsetursins er Sigrún Helgadóttir.

## Tungumál og alþjóðavæðing í æðri menntun

Málþingið *Languages and Internationalization in Higher Education: Ideologies, Practices, Alternatives* var haldið í fyrirlestursal Þjóðminjasafnsins 18.–20. júlí. Málþingið var einkum helgað kostum og göllum þeirrar þróunar að enska verður stöðugt útbreiddari sem kennslutungumál á háskólastigi og sem tungumál fræðilegrar útgáfu hvarvetna í heiminum. Þingið var haldið að frumkvæði The Center for Research and Documentation on World Language Problems, í Rotterdam, sem einnig annaðist fjármögnunina og naut framlaga frá Esperantic Studies Foundation og frá John Benjamins Publishing Company. Samstarfsaðilar á Íslandi voru Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Íslensk málnefnd og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Um 40 sérfræðingar víða að tóku þátt í þinginu. Ari Páll Kristinsson og Humphrey Tonkin, prof. emeritus við Hartford-háskóla, skipulögðu þingið.

# VIÐBURÐIR 2013



Fjölsótt málþing í Odda á degi íslenska tákn málsins.



Margir voru viðstaddir þegar mennta- og menningarmálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna að Húsi íslenskra fræða.



## Janúar

Hvar er tónlistararfurinn? Ráðstefna um íslenska tónmenningu, heimildir og gögn haldin 18. janúar í Reykjavík.

## Febrúar

Dagur íslenska tákn málsins, 11. febrúar, haldinn í fyrsta sinn. Stofnunin er skrifstofa Málnefndar um íslenskt tákn mál.

## Mars

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, tekur fyrstu skóflustungu að Húsi íslenskra fræða.

## Apríl

Sprotar – ársfundur stofnunarinnar haldinn 10. apríl á Hótel Sögu.

Fóstrur handrita koma saman síðasta vetrardag en fræðarar á stofnuninni kynna þeim handritin, útlit þeirra, sögu og efnið sem þau hafa að geyma.

Fyrsta ferðin með handrit alla leið heim er í heimahérað Árna Magnússonar, Dalina. Kjartan Sveinsson fóstraði Staðarhólsbók rímna og afhendir Dalamönnum eftirgerð af handritinu 28. apríl.

Tímaritið Orð og tunga, 15. árgangur, kemur út. Þema þessa heftis er íslenska sem viðfangsmál í íslensk-erlendum orðabókum.

## Mái

Charlotte Bøving fóstraði handritið Skáldskaparfræði og fylgir heim á Eyrarbakka 10. maí.

Ragnar Stefánsson og Hugleikur Dagsson fóstruðu Physiologus og fylgja heim á Dalvík 12. maí.

Vigdís Finnbogadóttir fóstraði Margrétar sögu og fylgir heim á Skriðuklaustur 18. maí.

Norski hluti ISLEX-vef orðabókarinnar opnaður við hátíðlega athöfn í Bergen 21. maí.

Forseti Finnlands, Sauli Niinistö, og kona hans, Jenni Haukio, skoða handritasýninguna 28. maí.

Steinunn Sigurðardóttir fóstraði Flateyjarbók og fylgir heim á Þingeyrar 31. maí.

Fundur íslenskulektora, sem starfa erlendis, haldinn í Frakklandi.





Tæknin er stundum að stríða okkur. Bessi Aðalsteinsson og Katrín Jakobsdóttir á ársfundum.



Hartmut Haberland á málþingi um tungumál og alþjóðavæðingu í háskólastarfi.



Emily Lethbridge, Ludger Zeevaert og Svanhildur Óskarsdóttir á Visindavöku að kynna ungu fólkinu Njáls sögu.

## Júní

Sumarskóli í íslensku máli og menningu hefst. Fjögurra vikna námskeið fyrir norræna stúdenta, sex vikna námskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku og hálf mánaðar námskeið fyrir ungmenni af íslenskum uppruna frá Kanada og Ameríku.

Handritakort Íslands er gefið út en þar er lýst 43 völdum handritum og tengslum þeirra við ákveðna staði á landinu.

Málþing haldið á Breiðdalsetri 8. júní um austfirskt mál og málnotkun með hliðsjón af rannsóknum Stefáns Einarssonar.

Bragi Valdimar Skúlason fóstaraði Kvæðabók úr Vigur og fylgir heim í Vigur 25. júní.

## Júlí

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í sumarskóla í íslensku máli og menningu haldið í 27. skipti.

Málþing um tungumál og alþjóðavæðingu í háskólastarfi fer fram í Reykjavík 18.–20. júlí.

## Ágúst

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum haldinn í tíunda sinn 14.–22. ágúst. Að þessu sinni fer kennslan fram í Reykjavík en hún er annað hvert ár í Kaupmannahöfn.

Norrænt málnefndarþing er haldið á Akureyri 28.–29. ágúst um framtíð norrænna mála í tölvu- og upplýsingatækni.

## September

Sturlunguþingið Til fundar við Ásbirninga haldið í Kakalaskála á Kringlumýri 7. september.

Auður Ava Ólafsdóttir flytur Sigurðar Nordals fyrirlestur á fæðingardegum hans 14. september.

Angel Gurría, aðalframkvæmdastjóri OECD, heimsækir stofnunina 27. september.

Stofnunin tekur þátt í Visindavöku 27. september. Að þessu sinni er viðfangsefnið handrit Njáls sögu: Njálán mín og Njálán þín.

# VIÐBURÐIR 2013



Börn í listasmiðju í tengslum við sýninguna Íslenska teiknibókin.



Stjórn Icelandic Online og umsjónarmenn námskeiðs númer 5 við opnun þess.



Arnlundur Indriðason rithöfundur var heiðursfyrirlesari á alþjóðlegu handritaráðstefnunni.

## Október

Hrafn Sveinbjarnarson – höfðingi, pílgrímur og læknir. Hátíð í Þjóðminjasafni 5. október.

Alþjóðlega ráðstefnan Heimur handritanna hefst 10. október með erindi heiðursfyrirlesarans, Arnalds Indriðasonar. Um 170 manns sóttu ráðstefnuna.

Þorsteinn Pálsson er skipaður formaður stjórnar stofnunarinnar og Katrín Jakobsdóttir varaformaður.

Ný vefsíða Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls opnuð.

## Nóvember

Konunglega Gustav Adolfs akademían veitir Rósu Þorsteinsdóttur verðlaun fyrir mikilvægt framlag til íslenskrar þjóðsagnafræði.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis stendur fyrir ráðstefnu í Helsinki fyrir kennara í Norðurlandamálum sem grannmálum.

Ýmis hátíðarhöld í tilefni 350 ára afmælis Árna Magnússonar. Margrét II. Danadrottning heiðrar Íslendinga og stofnunina með því að vera viðstödd viðburði 13. nóvember.

Ritið 66 handrit úr fókum Árna Magnússonar kemur út.

Íslenska teiknibókin kemur út.

Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, haldinn hátíðlegur.

Listasmiðjur fyrir börn í tengslum við sýninguna Íslenska teiknibókin - 350 ára afmæli Árna Magnússonar.

## Desember

Íslenska teiknibókin og Leiftur á horfinni öld tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðibóka og rita almenns efnis.

Ráðstefnan Á milli frænda, um þýðingar á milli norsku og íslensku, haldin í Þjóðarbókhöðunni 7. desember.

Glíman við orðin, úrval ritgerða eftir Guðrúnu Kvaran, kemur út.

Rüstem Ertug Altınay, rithöfundur, þýðandi og bókmenntaritstjóri, dr. Przemyslaw Czarnecki lektor og Tapio Koivukari rithöfundur hljóta Snorrastyrki til þriggja mánaða hver.

Bóksalar velja Íslensku teiknibókina hina bestu í flokki handbóka og fræðibóka og ritið 66 handrit úr fókum Árna Magnússonar lenti í þriðja sæti.

Alþjóðlega tímaritið Gripla kemur út, 24. árgangur, með ritrýndu efni á sviði norrænna fræða fyrri alda.

Gengið var frá til útgáfu Orðasafni í líffærafræði. I. Stoðkerfi. Þetta er þriðja ritið í ritröðinni Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Icelandic Online 5 er opnað 10. desember en aðgangur að vefnámskeiðum á icelandiconline.is er ókeypis.

## **Myndir**

Forsíða, bls. 2-3, 4, 6, 7 neðri mynd og handrit, 8, 13, 14, 19, 25 næstefsta, 26, 30-31 önnur, þriðja og fjórða mynd frá vinstri, 32 til vinstri: Jóhanna Ólafsdóttir

Bls. 1: Skúli Björn Gunnarsson

Bls. 5, 10: Arnaldur Halldórsson

Bls. 7 efri mynd: Valdis Einarsdóttir

Bls. 9, 11: Gunnar G. Vigfússon

Bls. 20: Þorgeir Ólafsson

Bls. 22, 32 miðjumynd: Guðmundur Hörður Guðmundsson

Bls. 25 efsta: Veturlíði Óskarsson

Bls. 27: Haraldur Bernharðsson

Bls. 28-29 frá vinstri: Matthew J. Driscoll, Ármann Hákon Gunnarsson, Mira Mykkänen

## **Hönnun**

Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir

## **Prentun**

Svansprent

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu  
101 Reykjavík  
sími 525 4010  
arnastofnun@hi.is  
www.arnastofnun.is